

## **Sterkari rödd Íslands í ETS er forsenda samkeppnishæfni og árangurs í loftslagsmálum**

Árangursrík innleiðing og framkvæmd ETS-kerfisins á Íslandi snýst ekki aðeins um að draga úr losun heldur að tryggja að umbreytingin styrki samkeppnishæfni, nýsköpun og verðmætasköpun til framtíðar. ETS kerfið er eitt af verkfærum Evrópu til að ná árangri í loftslagsmálum og skiptir sífellt meira máli í stefnumótandi ákvörðunum fyrirtækja. Til að kerfið skili árangri þarf skýra stefnu í hagsmunagæslu, aukið gagnsæi og mun nánara samstarf á milli stjórnvalda og atvinnulífs á Íslandi.

### **Við undirrituð leggjum til að eftirfarandi atriði móti næstu skref:**

#### **1. Aukin hagsmunagæsla á evrópskum vettvangi**

Íslensk stjórnvöld og atvinnulíf þurfa að vinna saman að aukinni hagsmunagæslu Íslands gagnvart þróun ETS kerfisins til að tryggja að íslensk sjónarmið, aðstæður og styrkleikar hafi áhrif á mótun kerfisins.

#### **2. Varanlega aðlögun á ETS kerfinu í stað skammtíma sérlausna**

Á sama tíma og íslenskt atvinnulíf leggur áfram áherslu á metnaðarfullar loftslagsaðgerðir er brýnt að tryggja að fyrirtæki hér á landi geti keppt á alþjóðamörkuðum við raunhæf og sjálfbær samkeppnisskilyrði. Ein af meginreglum ETS kerfisins er að gæta jafnræðis og tryggja samkeppnishæfni, en á sama tíma verður kerfið að gæta þess að reglur og umgjörð taki mið af raunverulegum aðstæðum og sérstöðu einstakra hagkerfa. Hagsmunir Íslands gagnvart ETS verða best tryggðir með því að beita sér fyrir þróun og úrbótum á reglum kerfisins, fremur en tímabundnum undanþágum. Slíkar úrbætur ættu að taka mið af sérstökum aðstæðum svo sem landfræðilegri legu, fjarlægð frá mörkuðum og takmörkuðum valkostum í orkuskiptum í ákveðnum geirum.

#### **3. Aukið gagnsæi um tekjur og ráðstöfun fjármuna**

Til að efla traust og stuðning við loftslagsaðgerðir er mikilvægt að stjórnvöld tryggi aðgengi að upplýsingum og auki gagnsæi um tekjur ríkisins af ETS-losunarmarkmiðum og hvernig þær nýtast í loftslagsverkefni. Jafnframt er brýnt að aukin áhersla sé lögð á markvissar fjárfestingar í loftslagsverkefnum sem annars vegar styðja fyrirtæki sem heyra undir ETS kerfið við að ná losunarmarkmiðum sínum og hins vegar stuðla beint að því að Ísland uppfylli skuldbindingar sínar í loftslagsmálum. Einnig er mikilvægt að efla kynningu fyrir íslenskt atvinnulíf á þeim tækifærum sem felast í Nýsköpunarsjóði Evrópusambandsins.

Alþjóðleg samkeppnishæfni er lykilforsenda þess að fyrirtæki geti fjárfest í orkuskiptum og nýsköpun og þannig náð árangri í loftslagsmálum. Til þess þurfa fyrirtæki á Íslandi að búa við samkeppnishæf skilyrði innan Evrópu, á sama tíma og Evrópa tryggir samkeppnishæfni sína gagnvart öðrum alþjóðlegum mörkuðum. Með öfluggu samstarfi geta stjórnvöld og atvinnulíf náð metnaðarfullum loftslagsmarkmiðum bæði Íslands og Evrópu og um leið styrkt grunnstoðir atvinnulífsins.

Við erum tilbúin í samtalið.

*Árni Sigurðsson – JBT Marel*

*Ásta Sigríður Fjeldsted – Festi*

*Benedikt Gíslason – Arion*

*Bjarni Benediktsson – SA*

*Bogi Nils Bogason – Icelandair*

*Erla Ósk Ásgeirsdóttir – Festa*

*Fernando Costa – Alcoa*

*Finnur Oddsson – Hagar*

*Guðni Aðalsteinsson – Reitir*

*Halldór Benjamín Þorbergsson – Heimar*

*Hildur Einarsdóttir – Advania*

*Hreiðar Már Hermannsson – Eik*

*Hörður Arnarson – Landsvirkjun*

*Jón Guðni Ómarsson – Íslandsbanki*

*Jón Þorsteinn Oddleifsson – Bera*

*Lilja Björk Einarsdóttir – Landsbankinn*

*Sunna Björg Helgadóttir – Rio Tinto*

*Sævar Freyr Þráinsson – OR*

*Tómas Már Sigurðsson – HS orka*

*Vilhelm Már Þorsteinsson – Eimskip*